

## Reglur um meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur milli aðildarfélaga Fjölís eða milli aðildarfélaga og Fjölís um annað en tekjuskiptingu skal stjórn og fulltrúaráð leita allra leiða til að leysa þann ágreining og ná sammæli um niðurstöðu hans, sbr. þó grein 2.1. um aðildarumsóknir. Náist ekki sættir er heimilt að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð nefndar sbr. 57. gr. höfundalaga. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnarsýslustigi.

Komi upp ágreiningur milli aðildarfélaga Fjölís um tekjuskiptingu, hvort sem um er að ræða eldri tekjustofna eða nýja, skulu þau félög sem mestra hagsmuna hafa að gæta af skiptingu viðkomandi samningstegundar skipa fulltrúa í sáttanefnd sem leitar allra leiða við að ná rökstuddu sammæli um tekjuskiptingu. Mestir hagsmunir ráðast af tekjuhlutdeild sem félögunum er áætluð eða hefur áður verið ákveðin. Öllum félögunum er þó heimilt að skipa sinn fulltrúa í nefndina. Fulltrúar sáttanefndar geta ekki jafnframt verið kjörnir fulltrúaráðsfulltrúar eða stjórnarmenn. Nær það bæði til aðal- og varanna. Framkvæmdastjóri Fjölís vinnur með sáttanefndinni, aðstoðar við undirbúning málsmeðferðar, gagnaöflun o.þ.h. Nefndina þarf að skipa innan tveggja vikna frá því aðildarfélag krefst meðferðar á ágreiningsefni og frá skipun hennar mega ekki líða meira en 6 vikur þar til niðurstaða þarf að liggja fyrir. Gerð er krafa um að sáttanefndarmenn hafi þekkingu á samningum Fjölís og höfundarétti.

Sáttanefnd skal horfa til tekjuskiptingar sambærilegra samninga á Norðurlöndunum við vinnu sína og annarra atriða sem raunhæft er að hafi áhrif á tekjuskiptingu milli félaga. Öll aðildarfélög hafa jafnan atkvæðisrétt við atkvæðagreiðslu um tillögur sáttanefndarinnar og þarf samþykki a.m.k. 70% aðila til að samþykkja tillögur nefndarinnar. Í því felst að samþykki þarf hjá fimm af sjö fulltrúum í stjórn.